



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

## Staðfesting umsýslu- og veðgæsluaðila

Gróska ehf.  
Bjargargötu 1  
102 Reykjavík

### Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði sem byggir á umsömdu verklagi

Vísað er til umsýslu og veðgæslusamnings, dags. 9. maí 2022, milli Grósku ehf., sem lántaka, veðhafa og KPMG ehf., sem umsýslu- veðgæsluaðila f.h. veðhafa („Umsýslu- og veðgæslusamningurinn“).

Samkvæmt ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu- og veðgæslusamningnum er kveðið á um að veðgæsluaðilinn, þ.e. KPMG ehf., útbúi staðfestingu þessa á sex mánaða fresti. Þau hugtök sem notuð eru í staðfestingu þessari og ekki eru sérstaklega skilgreind skulu hafa þá merkingu sem kveðið er á um í Umsýslu- og veðgæslusamningnum.

Með hliðsjón af ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu- og veðgæslusamningnum staðfestir veðgæsluaðili hér með að hafa sannreynt að útreikningur lántaka á fjárhagslegum skilyrðum samkvæmt fjármögnunarskjölunum sé innan þeirra marka sem kveðið er á um miðað við þann 30. júní 2024.

1. Útreiknað veðhlutfall miðað við prófunardagsetninguna 30. júní 2024 er 35,2% en skv. viðauka við útgáfulýsingu skal hlutfallið ekki vera hærra en 85% á 1. veðrétti og
2. vaxtaþekja nemur 2,61 en skv. fyrrnefndum viðauka skal hún ekki vera lægri en 1,5 m.v. sömu dagsetningu.

Jafnframt staðfestir umsýslu- og veðgæsluaðili að sér sé ekki kunnugt um að vanefndatilvik samkvæmt fjármögnunarskjölunum hafi komið upp í starfsemi lántaka á því tímabili sem skýrslan tekur til.

Afrit staðfestingarinnar er sent skuldabréfaeigendum í gegnum kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi.

Reykjavík, 10. september 2024

Fyrir hönd umsýslu- og veðgæsluaðila  
**KPMG ehf.**